

Veiðimálastofnunin ágúst 1976

Tumi Tómasson.

Athugun á Hörgá og Öxnadalsá 24-25/7 1976.

Dagana 24-25/7 fór fram á vegum Veiðimálastofnunarinnar könnun á vatnasvæði Hörgár. Tilgangur athuganna var að kanna afkomu sumaraldra laxaseiða sem sleppt var í fyrrasumar og skilyrði fyrir lax og silung á svæðinu.

Hörgá er að mestu leiti dragá, en fær einnig í sig talsvert af jökulvatni. Vatnasvið hennar er um 710 km^2 . Hún á upptök sín á miklu hálendi og sjóbráð kælir hana langt frameftir sumri. Árnar voru fremur vatnsmiklar og litaðar (einkum Barká) þá daga sem könnunin fór fram og því erfitt um vik.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Veitt var með rafmagni á alls 10 stöðum á vatnasvæðinu. Allur aflinn var lengdarmældur og aldurskýni (kvarnir) teknar af hluta aflans. Við rafmagnsveiðar fæst einnig hugmynd um leiðni vatnsins. Botngerð og straumlag var athugað og vatnshiti mældur. Þá er einnig stuðst við hitamælingar og athugasemdir Kristjáns Einarssonar frá Djúpalæk frá árunum 1968-1972. Rætt var við formann veiðifélagsins Stefán Halldórsson, Hlöðum.


Niðurstöður.

Árangur rafmagnsveiðanna er birtur í töflu 1. Þegar fjöldi seiða per 100m^2 er reiknaður út er miðað við að veiðni tækisins sé 25%. Veiðnin var ekki ákvörðuð á staðnum, enda tíminn naumur og aðstæður óheppilegar. Veiðnin er því áætluð með hliðsjón af fyrri reynzlu.


Stærsti hluti aflans er bleikja. Lengdar- og aldursdreifing bleikjuseiðanna er sýnd í mynd 1. Vaxtarlínurit hefur verið gert fyrir aldursgreind seiði (mynd 2). 0+ teljast þau seiði sem komu úr hrogni í vor, 1+ þau sem komu úr hrogni vorið 1975 o.s.frv.

2 laxaseiði fengust, annað í Öxnadalsá 6,2 cm, 3+ og er það sennilega frá klaki í ánni. Hitt fékkst í Hörgá 5,0 cm, 1+. Í Hörgá fengust einnig 2 urriðaseiði, 5,8 og 6,9 cm, báðir 1+.

Hlýtt var í veðri daginn sem Hörgá var athuguð ($14-15^\circ\text{C}$) og sól á köflum, en rigningarsuddi og hráslagalegt daginn sem farið var í Öxnadalsá. Skýrir þetta þann stóra mun á hitastigi ána sem fram kemur í töflu 1.



Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Hörgá og Öxnadalssá.



Mynd 2. Vaxtarlínurit fyrir aldursgreind bleikjuseiði úr Hörgá og Öxnadalssá. Tölurnar í svigunum tákna fjölda fiska sem eru til grundvallar hverju meðaltali.

Ýmsar ályktanir.

Á undarförnum árum hefur talsvert verið reynt til að fá lax í Hörgá. Hefur þetta verið gert með slæpingu gönguseiða og sumaraldra seiða, en árangurinn verið fremur rýr.

Nú er það svo að ár eru misvel fallnar til að ala upp lax. Útbreiðsla hans takmarkast af þeim vistfræðilegu mörkum sem honum eru sett. Hér á landi hefur sú regla verið höfð til hliðsjónar að á sé heppileg fyrir lax ef meðalhitastig hennar fer yfir 10°C 3 mánuði á sumri. Þótt fleira en hitastig hamli útbreiðslu laxins, þá er það án efa langmikilvægasti takmarkandi þátturinn. Ef litið er á hitamælinga

skýrslur Kristjáns frá Djúpalæk kemur í ljós að hitinn í Hörgá og hliðarám er yfirleitt 6-8°C á sumrin. Laxaseiðið sem fékkst í Öxnadalsá var einnig 6,2 cm þó það væri komið á sitt 4. ár. Það er mjög hægur vöxtur. Ekkert seiði af þeim 10.000.00 sumaröldu seiðum sem sléppt var í fyrra fannst. Jafnframt þessu var leiðni vatnsins lág, sem bendir til lítils magns uppleystra steinefna sem eru nauðsynleg lífrænni framleiðslu. Það er ljóst að áin getur ekki framleitt lax. Eina vonin til að fá lax í ána eru árlegar sleppingar gönguseiða.

Bleikjan er okkar norðlægasta ferskvatnstegund og tvímælalaust sá fiskur sem bezt hentar í Hörgá og Öxnadalsá. Um lifnaðarhætti hennar er vísað til greinarinnar um sjóbleikju, sem fylgir skýrslunni. Í töflu 1 kemur fram að seiðafjöldi per 100m² er víðast mjög lítill, á 2 stöðum í Öxnadalsá fékkst ekkert seiði. Seiðapéttleikinn er að jafnaði 4 - 5 sinnum lægri en í Svarfaðardalsá og Eyjafjarðará. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort áin er vansetin seiðum, en það verður að teljast líklegt. Skilyrðin virðast ekki vera síðri í Hörgá en öðrum Eyjafjarðarám og vöxtur seiðanna í Hörgá er ca 1 cm meiri á ári en í Svarfaðardalsá (mynd 2). Það er því líklegt að hrygningin í ánni sé of lítil.

Mikil netaveiði er stunduð í Eyjafirði. Þar sem veitt er með 1 3/4" netum er ljóst að það er aðallega kynþroska fiskur sem veiddur er. Nauðsynlegt væri að fá ábyggilegri upplýsingar um þessar veiðar, netafjölda og aflamagn. Í skýrslu Kristjáns frá Djúpalæk frá árinu 1972 kemur fram að mest veiðist af geldfiski í ánni og er stór hluti veiðarinnar með netaförum. Það kemur til af því að þessi fiskur er nógu smár til að smjúga möskvana. Það bendir því margt til að sjávarveiðin sé of mikil. Takmörkun á henni myndi þegar fram í sækir verða til hagsbóta fyrir þá sem hana stunda svo og, þeim sem ána nytja.

Góðar veiðiskýrslur geta gefið mikilvægar upplýsingar um ána. Þessi mál eru í mesta ólestri á vatnasvæði Hörgár og brýn þörf að verð úr því bætt. Í þeim ætti að koma fram fjöldi fiska, hvar og hvenær veiddir, lengd, þyngd, kyn og hvort þeir séu kynþroska.

Niðurstöður rafmagnsveiða í Hörgá og Öxnadalssá.

Staður	Vatnshiti °C	Stærð veiði-2 svæðis pr. m	Fj. veiddra fiska bl. urr. lax.	Áætl fj. geiða pr. 100 m	Ath.	
Hörgá/Púfnaveilir	8,0	200	6	12	Malarbotn	
Hörgá/Staðartunga	8,5	450	15	13	Grýttur botn	
Krossastaðaá	9,8	150	6	16	Grýttur botn	
Hörgá, fyrir neðan brú	9,8	400	8	11	2 kvíslar að vestanverðu sandur og möl í botni.	
Hörgá/Hlaðir	9,8	300	6	2	8	Möl í botni. Ca 5 m út í ánni var 40 cm dýpi talsverður straumur og hreyfing á botninum.
Öxnadalssá, fyrir ofan ármót Vaðkár	5,2	300	-	-	Möl og grjótt í botni	
Öxnadalssá/Engimýri	6,8	480	6	1	6	Möl og sandur í botni víða mosa og þörung- vöxtur á botni.
Öxnadalssá/Hraun	7,0	300	14	-	19	Stórgrýtt og björg í ánni.
Öxnadalssá/Miðland	7,3	240	4	-	7	Finn malarbotn.
Öxnadalssá, fyrir ofan ármót Bægisár	6,8	200	-	-	-	Hraunbotn, straumhart.